

Rannsóknaskýrslur 2001

# 11

## Reykhólar, Reykhólahreppur

Fornleifaskráning

Magnús A. Sigurðsson



Þjóðminjasafn Íslands 2001

Ljósmynd á forsíðu: Mynd 1: Loftmynd af Reykhólum. (Sveitastjórnarmál: Forsíða).

© 2001 Þjóðminjasafn Íslands/Magnús A. Sigurðsson  
Öll réttindi áskilin.  
ISSN 1560-8050

## Innihald

Reykhólar, Reykhólahreppur .....	1
Inngangur .....	5
Framkvæmd .....	6
Reykhólar - 139639-29 .....	7
Yfirlit yfir sögu byggðar á svæðinu .....	7
Náttúrufar og jarðabætur .....	9
Vettvangsathugun .....	10
Fornleifaskrá - Reykhólar .....	10
Reykhólar - 139639-29-1 Rúst, Hjáleiga .....	11
Reykhólar - 139639-29-2 Laug .....	12
Reykhólar - 139639-29-3 Hjáleiga .....	13
Reykhólar - 139639-29-4 Uppsátur .....	13
Reykhólar - 139639-29-5 Tóft, Stekkur .....	13
Reykhólar - 139639-29-6 Höfn .....	13
Reykhólar - 139639-29-7 Hver .....	14
Reykhólar - 139639-29-8 Hver .....	14
Reykhólar - 139639-29-9 Hver .....	15
Reykhólar - 139639-29-10 Tóft .....	15
Reykhólar - 139639-29-11 Hver .....	16
Reykhólar - 139639-29-12 Hver .....	16
Reykhólar - 139639-29-13 Hver .....	16
Reykhólar - 139639-29-14 Hver .....	16
Reykhólar - 139639-29-15 Hver .....	16
Reykhólar - 139639-29-16 Laug .....	16
Reykhólar - 139639-29-17 Laug .....	17
Reykhólar - 139639-29-18 Laug .....	17
Reykhólar - 139639-29-19 Hver .....	17
Reykhólar - 139639-29-20 Laug .....	17
Reykhólar - 139639-29-21 Laug .....	17
Reykhólar - 139639-29-22 Hver .....	17
Reykhólar - 139639-29-23 Þvottahús .....	18
Reykhólar - 139639-29-24 Laug .....	19
Reykhólar - 139639-29-25 Laug .....	19
Reykhólar - 139639-29-26 Laug .....	19
Reykhólar - 139639-29-27 Laug .....	19
Reykhólar - 139639-29-28 Hjáleiga .....	19
Reykhólar - 139639-29-29 Hjáleiga .....	20
Reykhólar - 139639-29-30 Hjáleiga .....	20

Reykhólar - 139639-29-31 Sel.....	20
Reykhólar - 139639-29-32 Hjáleiga .....	20
Reykhólar - 139639-29-33 Tóft.....	20
Reykhólar - 139639-29-34 Gata .....	20
Reykhólar - 139639-29-35 Náttthagi .....	20
Reykhólar - 139639-29-36 Túngarður .....	21
Reykhólar - 139639-29-37 Varða .....	21
Reykhólar - 139639-29-38 Varða .....	21
Reykhólar - 139639-29-39 Varða .....	21
Reykhólar - 139639-29-40 Varða .....	21
Reykhólar - 139639-29-41 Hús, Rúst .....	21
Reykhólar - 139639-29-42 Útihús .....	22
Reykhólar - 139639-29-43 Útihús .....	22
Reykhólar - 139639-29-44 Útihús .....	22
Reykhólar - 139639-29-45 Útihús .....	22
Reykhólar - 139639-29-46 Rúst.....	22
Reykhólar - 139639-29-47 Kirkjurústir .....	22
Reykhólar - 139639-29-48 Minningarmark.....	23
Fornleifaskrá - Hjáleigur.....	24
Austurgarður - 181507-31.....	24
Fornleifaskrá - Austurgarður.....	24
Austurgarður - 181507-31-1 Hjáleiga.....	24
Fjósakot - 181509-33 .....	24
Fornleifaskrá - Fjósakot .....	25
Fjósakot - 181509-33-1 Hjáleiga .....	25
Grund - 139570-30.....	25
Fornleifaskrá - Grund.....	25
Grund - 139570-30-1 Hjáleiga.....	25
Grund - 139570-30-2 Fjánhús .....	25
Grund - 139570-30-3 Hesthús .....	25
Fornleifaskrá - Rúnkahús.....	26
Rúnkahús - 181508-32-1 Hjáleiga.....	26
Rúnkahús - 181508-32-2 Hver.....	26
Rúnkahús - 181508-32-3 Brunnur .....	27
Rúnkahús - 181508-32-4 Útihús .....	28
Heimildir.....	29
Túnakort.....	31

## Inngangur

Vegna fyrirhugaðra skipulagshugmynda að Reykhólum, Reykhólahrepp, var farið fram á það við minjavörð Vesturlands og Vestfjarða, að hann skráði fornleifar á viðkomandi svæði, en eigi er hægt að samþykkja skipulagáætlanir án undangenginnar skráningar, eða einsog segir í 11. grein þjóðminjalaga nr. 107/2001:

...Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna....

Í 64. grein reglugerðar um þjóðminjavörslu (334/1998) er nánar kveðið á um fornleifaskráningu:

...Fornleifaskráning skal gerð undir stjórn fornleifafræðings. Við fornleifaskráningu skal þess gætt, að teknar séu saman ritaðar jafnt sem munnlegar heimildir um fornleifar og allir minjastaðir kannaðir á vettvangi, hvort sem fornleifar eru sýnilegar á yfirborði eða ekki...

Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, grein 4.20.1 stendur:

Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir þjóðminjum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð, í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga.

Skylt er að fram fari fornleifaskráning áður en gengið er frá skipulagi, sbr. 3.2. Fornleifaskráning skal taka mið af þeirri nákvæmni sem skipulag er unnið í og frekari skráning eftir atvikum fara fram í tengslum við gerð deiliskipulags þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð.

Mjög brýnt er að sinna fornleifaskráningu áður en hafnar eru framkvæmdir því að ómetanlegar minjar geta legið hvar sem er. Allar framkvæmdir eru því viðkvæmt mál því að ekki er vitað hvað leynist á viðkomandi svæðum. Því getur það verið framkvæmdaaðila í hag að láta fram fara fornleifamat áður en hafist er handa, sbr.

13. grein þjóðminjalaga:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

En hvað eru fornleifar?

Í 9. grein þjóðminjalaga er þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á,... Minjar 100 ára eða eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar,...

Ekki er um stórt svæði að ræða í þessu tilviki en hér hefur verið byggð frá landnámi, og því er brýnt að fara að öllu með gát.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að finnist, öllum að óvörum, fornleifar sem nauðsynlegt verður að rannsaka. Auk kostnaðar við fornleifarannsóknir geta tafir á framkvæmdum haft mikinn kostnað í för með sér. Björgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Þjóðminjasafni Íslands um framkvæmdirnar með fyrirvara og getur safnið krafist þess að þeim sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

## **Framkvæmd**

Þann 23. ágúst 2001 var gerð vettvangskönnun í landi Reykhóla, í Reykhólahrepp. Var gengið um fyrirhugað framkvæmdasvæði og það borið saman við heimildir. Ekki er til svæðisskráning á menningarminjum á Reykhólum, en í heimildum er að finna upplýsingar um 52 minjar, og fimm aðrar fundust við vettvangskönnun. Á Reykhólum hefur verið búseta líklegas frá landnámi svo að í heimildum eru skráðar fjölmargar minjar. Mikið að þessum minjum eru horfnar eða ekki er vitað um staðsetningu. Af þeim 57 minjum sem voru skráðar 11 metnar, myndaðar og merktar gróflega inná skipulagsuppdrátt.

Jarðirnar eru auðkenndar með tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað (139639) og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (29). Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan hverrar jarðar fyrir sig.

Í örfáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Grettislaug eða Maríutóft, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra er lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lagt er mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggja minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda því að fornleifar geta leynst undir sverðinum.

Árið 1987 sameinuðust allir hrepparnir í A-Barðastrandasýslu í eitt sveitarfélag sem nær yfir svæðið milli Brekkuár í Gilsfirði, Skiptiár í Kjálkafirði og Flateyjarhrepps á

Breiðafirði. Hin forna jörð Reykhólar eru á sunnanverðu Reykjanesi, niðurundan Reykjanesfjalli. Bærinn stóð á stórum hól þar sem núverandi kirkja er, en undan hólnum koma allmargir hverir, sem skýrir nafnið Reykhólar. Minjar voru sérskráðar á hinum fornu hjáleigum Reykhóla, en þær eru sérskráðar í Jarðatali Johnsen. Til er örnefnaskrá yfir Reykhóla með um 196 örnefnum sem er skráð eftir Brynjólfi vinnumanni á Reykhólum, og Guðmundi Guðmundssyni á Höllustöðum.

## Reykhólar - 139639-29



Mynd 2. Mynd frá Daniel Bruun af Reykhólum frá 1898. (Bruun, Daniel b: XVI)

### Yfirlit yfir sögu byggðar á svæðinu

Reykhólar virðast hafa byggst stuttu eftir landnám. Í Landnámubók segir frá því að Úlfur skjálgi Högnason nam Reykjanes allt milli Þorskafjarðar og Hafrafells. Hann var einn þeirra manna sem þóttust „gofgastir í Vestfirðingafjórðungi“. Hann var giftur Björgu, systur Helga magra. Það fylgir ekki lýsingunni hvar hann bjó en barnabarn þeirra, Már Atlason bjó á Hólum<sup>1</sup>, sem er hið gamla nafn á Reykhólum, svo leiða má að því líkur að Úlfur hafi sest að á Reykhólum, enda Reykhólar besta bújörðin á Reykjanesi, eða einsog segir í Sturlungu „Á Reykjahólum váru svá góðir landskostir í þenna tíma, at þar váru aldrei ófrævir akrarnir.“<sup>2</sup> Seinna kemur fyrir lýsing á öðrum reykholamanni sem lét á sér kveða, en það var Guðleifur Arason. Hann var meðreiðamaður Þangbrands biskups og aðstoðaði hann við að veða Veturliða skáld, sem hefnd fyrir níð.<sup>3</sup> Sturlungaöldin fór heldur ekki framhjá Reykhólum vegna þess að þar var Tumi Sighvatsson yngri veginn árið 1244.

Í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld er mikið minnst á Reykhóla. 3. ágúst 1566 selur séra Þorleifur Björnsson Páli Jónssyni alla Reykhóla fyrir 80. hndr (101). 1571 og 1572 eru landamerki Reykhóla skilgreint. „Niðurstaðan var sú, að Reykjahólar ættu allt land fyrir utan Miðhúsavog og Grundará. En garðurinn („sem gengur að réttri sjónhendingu neðan úr utanverðum Grundarvogi upp eftir Krókalæk...“) og

<sup>1</sup> Íslendingabók Landnámabók: 161, 209

<sup>2</sup> Sturlungasaga I: 37-38

<sup>3</sup> Íslendingabók Landnámabók: 348

áðurskrifuð sjónhending upp í Sléttuberg skyldu vera rétt og óbrigðul landamerki milli Reykjahóla og Miðhúsa, og var Páll Jónson skyldugur að grafa og setja niður tvo marksteina og leggja í þrjá lýrítarsteina í garðsendan og aðra tvo marksteina og þrjá lýrítarsteina fyrir ofan klettinn í réttri sjónhendingu upp undir Sléttubergi.“ Einnig kemur fram að jörðin er búin að vera í eign fjölskyldunar í fjóra ætliði. Fyrst Bjarna Þorleifssonar og Þorleifs Björnssonar og Bjarna Þorleifssonar annars og að lokum ofangreinds Þorleifs Björnssonar.(102-103) 6. febrúar 1583 (1586 ?) er minnst á jörðina í kaupmála milli Bjarna Benediktssonar og Elínar Pálsdóttur, en faðir Elínar, Páll Jónsson, lét hana af hendi (219-220). 27. desember 1600 er gefin vitnisburður um landamerki milli Miðhúsa og Reykhóla. „Vitni segist aldrei hafa heyrt annað en að Miðhús ættu landamerki út í Sléttuberg hið efra og í Illukeldu og ofan í miðja Lómatjörn, rétta sjónhverfingu (svo í hndr.) og gagnvart ofan í sjó, en inn frá í miðju Vöggugróf(?)“. (109) 7. júlí 1601 selja Björn Benediktsson og Elín Pálsdóttir Ara Magnússyni og konu hans Kristínu Guðbrandsdóttur Reykhóla. Ari og Kristín gáfu fyrir þrjár jarðir í Skagafirði, 100 hndr. að verðmæti. (110) 6. september 1640 kemur fyrir útdráttur úr kaupmálabréfi Jóns Magnússonar og Jórunnar Magnúsdóttur á Miðhúsum, þar sem Þórunn Jónsdóttur telur syni sínum meðal annars jörðina Reykhóla, og er hún talin um 100 hndr. virði. (122-123) 4. maí 1653 erfðu sonarsynir Árna Magnússonar Reykhóla ásamt öðrum jörðum (164).<sup>4</sup>

Í Jarðatali Árna Magnússonar frá 1704 er ábúandi 1, en eigendur eru Börn Gísla Jónssonar að Máfahlíð í Snæfellssýslu. Þar kemur einnig fram að Reykhólum fylgja hálfar Reykhólaeyjar en hinn helmingurinn er eign Jóns sál. Magnússonar og „hans kvinna eftir hann, alt til næstu 3 ára.“ Í bústofninum voru sex kýr, ein tveggjavetra kvíga, tvær veturgamlar kvígur, fjórir kálfar, eitt veturgamalt naut, 64 ær, tveir tveggjavetra sauðir, 22 veturgamlir sauðir, 50 lömb, tveir hestar, einn þriggjavetra foli, eitt hross, tvær unghryssur, þrjár veturgamlir folar, og ein fyl. Það voru fjórar hjáleigur sem allar eru í eyði. Austurgarður, Runkahus, Fiósakot, og Kaldrene.<sup>5</sup> Samkvæmt Jarðatali Johnsen voru þar 1847 16 kúgildi og jörðin var 120 hndr. virði.<sup>6</sup>

### *REYKHÓLABÆRINN, bygður 1873–1874 (til 1941). (Bæinn mældi jæg sumarið 1940).*



Mynd 3. Reykhólabærinn, teiknaður af Samúel Eggertssyni. (Samúel Eggertsson: 89).

Í sóknalýsingu frá 1839 segir „Engar gamlar ritgjörðir eða forn kvæði eru hér til, né heldur fornleifar nokkurar.“(77), sem er í samræmi við aðrar sóknarlýsingar, prestar voru yfirleitt ekki eftirtektarsamir um fornleifar. En afturámóti kemur fram að í

<sup>4</sup> Jarðabréf frá 16. og 17. öld: 101-220

<sup>5</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín: 212-215

<sup>6</sup> Johnsen, J.: 176



Staðar- og Reykhólasókn voru 37 býli, 137 karlmenn og 147 konur, „þar af 99 innan 16 ára, 28 yfir 60 ára, 62 verkfærir, 13 vanfærir.“<sup>7</sup>(43).

Af seinni tíma ábúendum ber helst að telja Bjarna Þórðarson (1838-1918), en hann bjó að Reykhólum og réðst í miklar jarðabætur. Hermann Jónson lofar Bjarna einmitt fyrir jarðabætur í Búnaðarritinu 1888.<sup>8</sup> Bjarni segir frá því sjálfur að hann hafi rifið Austurgarð, Fjósakot, og Grund, en Rúnkahús hafi verið í leigu. Í hans tíð voru 6 vinnumenn, 8 vinnukonur, og stundum var hann einnig með einn kaupamann og eina kaupakonu auk unglings á sumrin. Hann hafði mikið álit á jörðinni og trúði því að þar væri hægt að vera með 2000 ær og 20 kýr, en hann var með um 500-700 fjár auk lamba er gengu í eyjunum, 12-14 nautgripi og um 20 hross.<sup>9</sup> Hann byggði einnig veglegan bæ 1873-74, sem stóð allt til 1941 þar sem núverandi kirkja stendur.

## Náttúrufar og jarðabætur

Hægt er að rekja jarðardýrleika Reykhóla allt frá 1566, einsog kemur fram hér að framan. 1566 var hún 80 hndr. að verðleika, en 1601 virðist hún vera komin í 100 hndr. Í Jarðatali Árna Magnússonar frá 1704 er hún eingöngu talin 60 hndr. virði (Árni Magnússon og Páll Vídalín: 212) sem fer ekki saman við jarðabréf og Jarðatal Johnsen sem telur Reykhóla 120 hndr. virði. Í lýsingu Bjarna Þórðarsonar á jörðinni frá 1905 er hún sögð 157,4 hndr. virði.<sup>10</sup> Í fasteignamati frá 1916 er jörðin metinn á 26.600,- krónur, hús

er jarðeigandi á á 755,- krónur og hús leiguliða á 1.280,- krónur.<sup>11</sup>

Samúel Eggertsson lýsir jörðinni í kringum 1940:

„1. Heimalandið er tún, engjar og beitiland. – Nær það frá hlíðarrótum Fjallsins til sjávar. – Túnið er 20-25 ha., sljett og fallett. – Engjarnar eru víða votlendur (flóar), um 350 ha. – Nesin eru mest til beitar, um 250-300 ha. Heimalandið, sem allt má heita nothæft, er því um 650 ha., að minnsta kosti eða 2000 vallardagsláttur. Þar mun mór víða í jörðu, og fyrir landi eru söl, þari, marhálmur, jafbvel kræklingur og fleirri skelfiskar, þar var og mikil hrognkelsveiði.

2. Hlíðin fra Reiðgötum upp að hlettum, til beitar og grjóttaks til bygginga, ef hagnýtt er. Um 5 ha. land.

3. Eyjarnar, aðalhlunnindasvæði Reykhóla að fornu (og nýju?): Dúntekja, selveiði, vor og haust, kofnatekja, hagaganga óþrjótandi fyrir fje og hesta og slægjuland (eyjataðan). – Reykhólaeyjar með hólum og skerjum eru venjulega taldar óteljandi, en grasi vaxnar eyjar og hólmar munu tæplega fleirri en eitt hundrað, og flatarmál þeirra samtals varla yfir 100 ha. (1 ferkílómetri).- Víðátta sjávarins, sem eyjarnar eru dreifðar um, og sem liggja undir Reykhóla, munu nema nálægt 50 ferkílómetrum.

4. Fjallið (Reykjanesfjall), þar sem Grundardalur og hálfur Heyárdalur talinn Reykhólum, þar er upprekstrar- og hjásetuþláss. – Landið mun vera nálægt 10 ferkílómetrum að stærð.

5. Barmahlíð, inn með Berufirði að vestanverðu. Þar er gamalt selstæði frá Reykhólum, þar var og mikið skógarhögg og raftskógur fyr meir. – Er nú skógurinn þar mjög gengin til þurðar, eins og víðar í Reykhólasveit, til sorglegs tjóns, en þetta batnar aftur með fyrirbyggju og vaxandi menningu. – Á Barmahlíð er einnig beitarland ágætt fyrir fje og hesta, berjatekja óþrjótandi og reyrgrasi. – Hlíðin er um 5 ferkílómetrar.

<sup>7</sup> Friðrik Jónson: 43, 77

<sup>8</sup> Hermann Jónson: 172

<sup>9</sup> Bjarni Þórðarson: 4-16

<sup>10</sup> Bjarni Þórðarson: 3

<sup>11</sup> Gjörðabók: 45

6. Hvannahlíð í Kollabúðardal vestan megin. – Þar er aðal upprekstrarland Reykhóla á sumrum, silungsveiði í Þorskafjarðará og fyrrum var nautaganga í Nautatungum, innar í dalnum.<sup>12</sup>


Hákon Magnússon, tengdasonur Bjarna Þórðarsonar, bjó á Reykhólum 1899-1920. 1920 kaupir Eggert Jónsson frá Nautabúi í Skagafirði Reykhóla, en verður að láta söluna ganga til baka einu ári seinna. Það var síðan 1939 að ríkissjóður kaupir jörðina ásamt öllum mannvirkjum og landréttindum fyrir 46.000,- krónur. Sama ár fyrirskipaði þáverandi forsætisráðherra Búnaðarfélagi Íslands að framkvæma mælingar á jörðinni, niðurstaðan af þeim var að heimaland var talið 580 ha og tún 8,4 ha. Nýbýlið Grund hefur 2,3 ha. ræktað tún, engjar og ræktanlegt land er 242,7ha.<sup>13</sup>

### Vettvangsathugun

Við samantekt heimilda fundust um 52 minjar á Reykhólum, þar af tvær friðlýstar, Grettislaug og Tittlingastaðir, sem voru friðlýstar 1930 af Matthíasi Þórðarsyni, þáverandi þjóðminjaverði. Mikið af þessum minjum eru hverir sem í dag eru horfnir eða virkjaðir. Verið getur að eitthvað af þessum minjum séu tvískráðar vegna þess að heimildum ber ekki saman, en reynt var að skrá allar hugsanlegar minjar sem getið var í heimildum.

Farið var um svæðið í fylgd tveggja heimamanna, Sveins Guðmundssonar (020723-5489) og Bjarna K. Skarphéðinssonar (010127-2039) sem eru vel að sér í sögu og örnefnum Reykhóla, og við þessa athugun fundust fimm minjar í viðbót.

### Fornleifaskrá - Reykhólar



Mynd 4. Kort af hverum á Reykhólum. (Björn Hróarsson og Sigurður Sveinn Jónsson: 72)

<sup>12</sup> Samúel Eggertsson: 85-86

<sup>13</sup> Hjörtur Þórarinnsson: 11-12

## Reykhólar - 139639-29-1 Rúst, Hjáleiga

Sérheiti: Tittlingastaðir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing


„b. Rústir Titlingastaða, eyðibýlis skammt suðvestur frá Reykhólum. Sbr. Árb. 1899: 34; Bruun 1928: 137-138 (með uppdrætti).Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930.

Þinglýst 14.02.1931.<sup>14</sup>

„Hér að auki hafa aðrar fjórar hjáleigur til forna legið undir Reykhóla, Titlingastaðir í svokölluðu Titlingastaðanesi, nærri niður við sjó.“<sup>15</sup>

„Titlingastaðir (33) er gamalt býli, sést þar enn fyrir mannvirkjum.“ (Örnefnastofnun a).

„Tittlingastaðir (33) eru fyrir vestan Grundarvoginn (á merkjum).“ (Örnefnastofnun b).



Mynd 5. Uppdráttur Daniels Bruun af Tittlingastöðum. (Bruun, Daniel b: 218).

Til er lýsing á Tittlingastöðum eftir Daniel Bruun. 1898 kom hann að Tittlingastöðum og ályktaði að þeir hefðu laggst í eyði þegar á miðöldum. Hann teiknaði rústirnar og lýsti þeim á eftirfarandi hátt:

„Þetta er á Tittlingastöðum hjá Reykhólum við Breiðafjörð, í Austir-Barðastrandasýslu. Þarna mældi ég bæjarústir 1898 nálægt hálfum km suður frá bænum. Innan við túngarð er dálítill hæðarbunga, sem reyndist vera bæjarhús er liggja í beinni röð með afhýsi til annarrar hliðar. Austast á túninu er tóttit af tveim útihúsum. Upp að túngarðinum liggur kringlótt girðing, sem örugglega hefur verið kvíar.“<sup>16</sup>

<sup>14</sup> Ágúst Georgsson: 33

<sup>15</sup> Friðrik Jónson: 56

<sup>16</sup> Bruun, Daniel b: 219

## Reykhólar - 139639-29-2 Laug

Sérheiti: Grettislaug

Tegund: Laug 465

Staðsetning: N: 65°26.764 V: 22°12.099

### Staðhættir og lýsing

„a. Grettislaug, svo nefnd, sunnan á túnholnum. Sbr. Árb. 1899: 12.... Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.“<sup>17</sup>

Grettislaug er í brekkunni rétt fyrir ofan núverandi sundlaug á Reykhólum.

„Grettislaug hefur verið nokkuð stór og vandlega byggð úr stóru blágrýti, og er það aðflutt. Heitt varn rann í hana um rennu úr hver, sem þar er liltu ofar, sem stífla mátti eftir vild og láta vatnið svo bíða þess er það væri hæfilega volgt; en ekki er þar kalt vatn til að kæla með. Nú er laugin skemd: hefur átt að minnka hana, líklega til þess að hún væri fljótari að fyllast og að vatnið í henni væri fljótari að kólna. Hefir verið byrjað á því og hætt við hálfgjört. Er sagt, að það hafi gjört sunnlenzkur kaupmaður fyrir miðja þessarar aldar.“<sup>18</sup>

„Utan í smábarði sunnan í túninu er næst stærsta hveraþyrpingin; hæst uppi er Þvottahver (81), 90° stig og Berghver (82) litlu utar; þar í nánd er Grettislaug (83), 59°.“ (Örnefnastofnun a).



Mynd 6. Grettislaug, rétt fyrir ofan núverandi sundlaug.

Lauginn er illa farin í dag. Hún hefur aflagast mikið, líklegast þegar hún var minkuð, en róður hefur einnig gengið nærri henni. Það þarf að hreinsa frá henni áður en hún verður ógreinilegri og ógreinilegri.

**Hættumat: Mikil hætta**

**Hættuorsök: Landbrot**

---

<sup>17</sup> Ágúst Georgsson: 33

<sup>18</sup> Brynjúlfur Jónson: 12



Mynd 7. Gömul mynd af Grettislaug. (Hjörtur Þórarinsson:12).

**Reykhólar - 139639-29-3 Hjáleiga**

**Sérheiti:** Árnahús

**Tegund:** Heimild 465

**Staðhættir og lýsing**

„Nýivöllur (2), þar var fyrrum hjáleiga, Árnahús (3).“ (Örnefnastofnun a).

Samkvæmt heimildarmönnum stóð hjáleigan líklegast rétt norðan við sundlaugina og austan við Grettislaug, við veginn sem liggur að sundlauginni og aftan við núverandi íbúðarbyggð. Ekki sjást nein umerki um hjáleiguna og nákvæm staðsetning er óviss.

**Reykhólar - 139639-29-4 Uppsátur**

**Sérheiti:** Naust

**Tegund:** Heimild 465

**Staðhættir og lýsing**

„Naust (27) þar er uppsátrið.“ (Örnefnastofnun a)

**Reykhólar - 139639-29-5 Tóft, Stekkur**

**Sérheiti:** Reykhólastekkur

**Tegund:** Heimild 465

**Staðhættir og lýsing**

„Í nesinu var fyrrum Reykhólastekkur (29), sjást þar enn tóftir.“ (Örnefnastofnun a)

Ekki er vitað hvenær þessi örnefnaskráning fór fram en það hefur líklega verið á seinni part 20. aldar.

**Reykhólar - 139639-29-6 Höfn**

**Sérheiti:** Höfnin

**Tegund:** Heimild 465

**Staðhættir og lýsing**

„Útsuður af Karlsey (31) er skipalegan, Höfnin (32).“ (Örnefnastofnun a)

**Reykhólar - 139639-29-7 Hver**  
**Sérheiti: Kraflandi**  
**Tegund: Hver 465**  
**Staðsetning: N: 65°26.802 V: 22°12.453**



Mynd 8. Kraflandi.

### **Staðhættir og lýsing**

„Norðanvert við Hellishólana, í túnjaðrinum eru aðalhveririnir: Kraflandi (72)...flestir við 90°heitir, Kraflandi heitastur, 97°.“ (Örnefnastofnun a).

Kraflandi er vel sýnilegur en ílla farinn. Hinu og þessu hefur verið dreift yfir hann til að koma í veg fyrir að fólk slasi sig í honum. Það þyrfti að hreinsa hann og gera aðrar öryggisráðstafanir sem fyrst.

**Hættumat: Lítil hætta**

**Hættuorsök: Landbrot**

**Reykhólar - 139639-29-8 Hver**

**Sérheiti: Gullhver**

**Tegund: Hver 465**

**Staðsetning: N: 65°26.804 V: 22°12.449**

### **Staðhættir og lýsing**

„Norðanvert við Hellishólana, í túnjaðrinum eru aðalhveririnir: Kraflandi (72), norður af honum er Gullhver (73),...flestir við 90°heitir, ...“ (Örnefnastofnun a).

„Gullhver (73): Um hann er sú sögn, að hringur átti að hafa týnst í skemmumni í Reykhólabænum og fundist í Gullhver.“ (Örnefnastofnun b).

Gullhver er rétt við Kraflanda og sýnilegur. Mjög gróid er í kringum hann svo hann sést ekki nógu vel. Það þyrfti að hreinsa í kringum hann og jafnvel laga hann eitthvað til þegar hann kæmi undan gróðrinum.

**Hættumat: Lítil hætta**

**Hættuorsök: Landbrot**



Mynd 9. Gullhver, rétt hjá Kraflanda.

**Reykhólar - 139639-29-9 Hver**

**Sérheiti: Péturshver**

**Tegund: Heimild 465**

**Staðhættir og lýsing**

„Norðanvert við Hellishólana, í túnjaðrinum eru aðalhveriririr: Kraflandi (72), norður af honum er Gullhver (73), Péturshver (74)...flestir við 90°heitir, Kraflandi heitastur, 97°.“ (Örnefnastofnun a)

„Þekkir ekki Peturshver (74). Er e. t. v. litla augað norðan við Kraflanda. Þar var bakað brauð áður.“ (Örnefnastofnun b).

**Reykhólar - 139639-29-10 Tóft**

**Sérheiti: Mariútóft**

**Tegund: Tóft 465**

**Staðsetning: N: 65°27.027 V: 22°12.114**



Mynd 10. Áætluð staðsetning Mariútóftar.

### **Staðhættir og lýsing**

Meðal heimamanna er talað um Maríutóft, norðan frá kirkjugarðinum. Ekki er vitað hvaðan nafnið kemur en í örnefnaskrá er talað um Maríutröð norðan af kirkjugarðinum. Ekki sést mikið af áætlaðri tóft nema ójöfnur í túninu, sem eru ekki slegnar.

### **Hættumat: Lítil hætta**

#### **Hættuorsök: Landbrot**

### **Reykhólar - 139639-29-11 Hver**

#### **Sérheiti: Þjófahver**

#### **Tegund: Heimild 465**

### **Staðhættir og lýsing**

„Suður og austur með hólnum eru nokkrir hverir. Þjófahver (77) 89°...“

(Örnefnastofnun a)

„Úr Þjófahver (77) er tekinn hitinn í prestshúsið.“ (Örnefnastofnun b).

### **Reykhólar - 139639-29-12 Hver**

#### **Sérheiti: Þvottahola**

#### **Tegund: Heimild 465**

### **Staðhættir og lýsing**

„Suður og austur með hólnum eru nokkrir hverir. Þjófahver (77) 89° og Þvottahola (78), 87° heit;...“ (Örnefnastofnun a)

### **Reykhólar - 139639-29-13 Hver**

#### **Sérheiti: Kúatjarnarhverir**

#### **Tegund: Heimild 465**

### **Staðhættir og lýsing**

„Suður og austur með hólnum eru nokkrir hverir. Þjófahver (77) 89° og Þvottahola (78), 87° heit; Kúatjarnarhverir (79), 2 eða 3 holur upp af dálitri tjörn, Kúatjörn (80).“ (Örnefnastofnun a)

